

Erindi forsvarsmanna veftímaritisins Krítin.is
Afhending hvatningarviðurkenningar BKR 2014
8. mars 2014

Ágæta stjórn, aðrir gestir

Það er okkur mikill heiður að taka við þessa viðurkenningu. Hún kom okkur algerlega á óvart og gleður okkur innilega.

Við erum alveg sérstaklega ánægðar með að þið: *Bandalag kvenna í Reykjavík*, skulið velja að heiðra verkefni sem fjallar um skólamál og það er þakkarvert að beina athyglinni að jákvæðri umfjöllun um skólastarf.

Við Edda stofnuðum Krítina fyrir tæpum tveimur árum síðan. Ástæða var sú að okkur var farið að blöskra sú umræða sem átti sér stað um skólamál og okkur dreymdi um að geta lyft henni á eilítið hærra plan.

Með því að setja Krítina á fót vildum við vekja athygli á því sem vel er gert í skólum og einnig að brýna kennara til að gera enn betur. Við vorum staðráðnar í því að koma faglegri umræðu fræðimanna á framfæri ásamt því að miðla reynslu okkar og þekkingu sem við höfum byggt upp á löngum ferli.

Við höfum báðar kennt lengi og allan þann tíma stunduðum við nokkuð reglulega símenntun, og síðan framhaldsnám í háskóla síðustu ár okkar í kennslu. Áhugi okkar á kennslu og skólamálum er óprjótandi, enda snýst líf okkar að miklu leyti um þau.

Við höfum lengi haft nokkrar áhyggjur af því að virðing fyrir menntun og skólastarfi sé ekki nægjanleg hér á Íslandi. Það merkjum við m.a. af því hvernig oft er talað um kennara og skólastarf á ýmsum stöðum í samfélaginu og þá virðist gleymast að þetta eru vinnustaðir barnanna okkar.

Draumur okkar er sá að menntun barna okkar njóti virðingar. Við teljum það mikilvægt samfélagslegt viðfangsefni að auka virðingu fyrir menntun og því starfi sem unnið er í skólum landsins á hvaða skólastigi sem er. Í hverju samfélagi skiptir miklu máli að afburðafólk fái til að sinna kennslu. Kennsla verður síður aðlaðandi fyrir fólk sem hefur fjölbreytta hæfileika ef kennarastarfið er talað niður víðsvegar í samfélaginu.

Starf okkar við Krítina vinnum við í sjálfböðavinnu líkt og konur hafa gert í aldanna rás, þegar þær hafa komið auga á vanda, hvort sem hann snerist um heilbrigði eða gæslu barna svo eitthvað sé nefnt, stofnuðu þær með sér samtök og unnu málefnumum brautargengi í sjálfböðavinnu.

Erindi forsvarsmanna veftímaritisins Krítin.is
Afending hvatningarviðurkenningar BKR 2014
8. mars 2014

Við höfum birt 212 pistla á þessum tæpu tveimur árum. Þeir fjalla allir um málefni tengd skólamálum eins og gefur að skilja, fagmennska kennara er okkur ofarlega í huga og einnig öll þau samkipti sem eiga sér stað í skólum og nám og kennsla almennt.

Okkar umbun fyrir störf okkar við Krítina felst í þeim jákvæðu viðbrögðum sem við höfum fengið við skrifum okkar. Við finnum að mjög margir kennarar og einnig fleiri þekkja tímaritið og margir hrósa okkur fyrir pistla. Það gleður okkur svo sannarlega og hvetur áfram.

Okkar framtíðarsýn varðandi Krítina er að hún haldi áfram að vera til og vonandi nær hún að hafa einhver jákvæð áhrif á skólustarf og velferð barna. Því börnin okkar eiga skilið það besta, þar með talið góða skóla sem njóta trausts og virðingar í samfélaginu og samfélagið þarf á vel menntuðu fólki að halda.

Helst vildum við að fleiri kæmu að því að skrifa í Krítina. Við sjáum t.d. fyrir okkur að í hverri viku birtist efni frá kennurum þar sem þeir segja frá einhverju áhugaverðu sem þeir hafa fengist við í starfi sínu. Kennarar þurfa að að deila reyslu sinni og læra hver af öðrum.

Við höfum ótakmarkaðan áhuga og viljann vantar ekki, raunar er fátt sem hamlar okkur annað en tímaskortur, en við erum báðar í krefjandi störfum Edda á Menntavísindasviði HÍ og Nanna hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.

Það að fá þessu verðlaun er okkur mikil hvatning til að halda ótrauðar áfram, það er mikilvægt fyrir svona grasrótarstarf að finna að eftir því sé tekið, það er í raun ómetanlegt fyrir okkur. Við höfum aldrei tekið ákvörðun um hversu lengi við ætlum að halda áfram með Krítina, en við fyllumst fítónskrafti við þessi hvatningarverðlaun. Því þökkum við aftur fyrir þessa viðurkenningur sem er svo sannarlega byr í seglin hjá okkur.

Kærar þakkir.

Edda Kjartansdóttir
Nanna Kr. Christiansen
Kritin.is